



Leiðarvísir við ritrýni

Hver og einn hefur eigin stíl og aðferð við að ritrýna handrit. Hafa skal eftirfarandi atriði til hliðsjónar auk **leiðbeininga Íðjubjálfans til höfunda um ritun ritrýndra greina.**

Læsileiki og framsetning

1. Er handritið auðlesíð og sett fram á skýran og skiljanlegan hátt?
2. Er efnið til þess fallið að vekja áhuga lesenda Íðjubjálfans?
3. Er uppsetning handritsins rökrétt miðað við tegund greinar?
4. Er tilgangur handritsins skýr og er honum náð?
5. Eru lykilhugtök skilgreind á skýran máta?
6. Er handritið hæfilega langt miðað við innihald?
7. Er handritið að mestu laust við málfars- og stafsetningavillur?

Fræðilegt innihald

1. Er handritið faglega unnið?
2. Er efni handritsins nýstárlegt eða viðbót við þekkingu sem er þegar fyrir hendi?
3. Er innihaldið við hæfi og mikilvægt með tilliti til þjónustu íðjubjálfa og þróunar fagsins?
4. Er gerð grein fyrir og vísað í viðeigandi heimildir sem tengjast efni handritsins?
5. Hefur höfundur fylgt leiðbeiningum Íðjubjálfans um ritun ritrýndra greina?

Siðfræðileg atriði og þakkir

1. Er höfundaréttur virtur?
2. Er viðeigandi siðfræðileg umfjöllun sem tengist rannsókninni til staðar (öryggi, heilsa þátttakenda, nafnleynd, rekjanleiki o.s.frv.).
3. Hefur tilskilinna leyfa verið aflað og er vísað til þeirra?
4. Eru settar fram viðeigandi þakkir til hlutaðeigandi aðila eftir því sem við á?